

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 16. júní 2022.

Mál nr. 434/2021:

Ákærvaldið

(Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir saksóknari)

gegn

Birni Herberti Guðbjörnssyni og

(Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður)

Skúla Magnússyni

(Grímur Sigurðsson lögmaður)

Lykilorð

Manndráp af gáleysi. Hlutdeild. Fyrningarfrestur.

Útdráttur

BHG og SM voru ákærðir fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk brota gegn ýmsum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðum nr. 367/2006 um notkun tækja og nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Tóku sakargiftir til þess að þeir hefðu, sem eigandi, framkvæmdastjóri og atvinnurekandi fyrirtækis annars vegar og verkstjóri, starfsmaður, eigandi og daglegur stjórnandi þess hins vegar, samþykkt að undirmaður þeirra gerði öryggisbúnað frauðpressuvélar óvirkan, „vitandi vits“ að starfsmenn fyrirtækisins færu reglulega inn í vélina til þess að hreinsa hana, með þeim afleiðingum að maður lést. Með dómi héraðsdóms voru BHG og SM sakfelldir fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi en sýknaðir af brotum gegn lögum nr. 46/1980 og fyrrnefndum reglugerðum á grundvelli þess að þau brot væru fyrnd. Með dómi Landsréttar var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu BHG og SM fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi staðfest en með vísan til 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga var talið að önnur brot væru ófyrnd. Voru þeir því jafnframt sakfelldir fyrir nánar tilgreind brot gegn lögum nr. 46/1980 og fyrrnefndum reglugerðum. Var refsing ákærðu ákveðin fangelsi í 30 daga en fullnustu refsinganna var frestað skilorðsbundið í tvö ár.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Kristbjörg Stephensen og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 21. júní 2021 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun. Málsgögn bárust réttinum 11. október sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 6. maí 2021 í málinu nr. S-[...]/2020.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærðu verði þyngd.
- 3 Ákærði, Björn Herbert Guðbjörnsson, krefst þess aðallega að hann verði sýknaður en til vara að refsing verði látin niður falla.
- 4 Ákærði, Skúli Magnússon, krefst þess aðallega að hann verði sýknaður en til vara að refsing verði látin niður falla.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi var dómfellda í héraði, C, með ákæru 22. október 2020 gefið að sök manndráp af gáleysi og brot gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með því að hafa 21. júlí 2017 í vinnslusal [...] gert öryggisbúnað frauðpressuvélar óvirkan og gangsett vélina sem hafði verið stöðvuð með þeim afleiðingum að A, sem var inni í vélinni, klemmdist á milli móta og lést í framhaldi af áverkum sem af því hlutust. Í ákæru var brot hans heimfært til 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Með hinum áfrýjaða dómi var dómfelldi C sakfelldur fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga en sýknaður af öðrum brotum. Var honum gert að sæta fangelsi í 60 daga en fullnustu refsingar var frestað skilorðsbundið. Ákvað hann að una hinum áfrýjaða dómi.
- 6 Með framangreindri ákæru var ákærða Birni Herberti Guðbjörnssyni og ákærða Skúla Magnússyni jafnframt gefin að sök hlutdeild í manndrápi af gáleysi ásamt broti gegn ýmsum ákvæðum laga nr. 46/1980 og fyrrgreindum reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nánar tiltekið hefði ákærði Björn Herbert sem eigandi, framkvæmdastjóri og atvinnurekandi samþykkt að undirmaður hans, dómfelldi C, gerði öryggisbúnað frauðpressuvélarinnar óvirkan „vitandi vits“ að starfsmenn fyrirtækisins færu reglulega inn í vélina til þess að hreinsa hana og fyrir að hafa gefið dómfellda C fyrirmæli um að gangsetja allar vélar í vinnslusal fyrirtækisins án þess að upplýsa starfsmenn þess um að öryggisbúnaðurinn hefði verið aftengdur. Þá var honum einnig gefið að sök að hafa látið hjá líða að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, áhættumat, áætlun um heilsuvernd og fyrir að hafa látið hjá líða að koma á fót vinnuverndarstarfi hjá fyrirtækinu.
- 7 Í ákæru var ákærða Skúla nánar tiltekið gefið að sök að hafa sem verkstjóri, starfsmaður, eigandi og daglegur stjórnandi samþykkt að undirmaður hans, dómfelldi C, gerði öryggisbúnað frauðpressuvélarinnar óvirkan „vitandi vits“ að starfsmenn fyrirtækisins færu reglulega inn í vélina til þess að hreinsa hana en hann hefði ekki upplýst starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaðurinn hefði verið óvirkjaður.

- 8 Með hinum áfrýjaða dómi voru ákærðu Björn Herbert og Skúli sakfelldir fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi samkvæmt 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga en sýknaðir af öðrum brotum. Kemur fram í hinum áfrýjaða dómi að ákærði Skúli væri þó sýknaður af þeirri háttsemi að hafa „ekki upplýst starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaður vélarinnar hefði verið óvirkjaður“ þar sem fyrir lægi að hann hefði verið í sumarfrí og fjarri vinnustaðnum þegar dómfelldi C hefði upplýst hann um að hann hefði aftengt öryggisbúnaðinn. Var ákærða Birni Herberti og ákærða Skúla gert að sæta fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingar beggja var frestað skilorðsbundið.
- 9 Í greinargerð ákæruvaldsins kemur fram að það felli sig ekki við þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að ætluð brot ákærðu gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 séu fyrnd. Brot ákærðu gegn þeim lögum hafi jafnframt varðað við ákvæði 215. gr. almennra hegningarlaga og séu því ekki fyrnd, sbr. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga. Þá byggir ákæruvaldið á því að ekki hafi verið forsendur til að sýkna ákærða Skúla af því að hafa vanrækt að upplýsa starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaður vélarinnar hefði verið aftengdur.
- 10 Ákærðu krefjast sýknu og byggja á því að þeir hafi ekki sýnt af sér gáleysi sem hafi leitt til andláts A. Byggja þeir báðir á því að skriflegar vinnureglur eða verklagsreglur hafi engin orsakatengsl við slysið. Slíkar reglur hefðu engu breytt um þá ákvörðun hins látna að fara inn í vélina. Hann hafi ekki verið að vinna við þessa vél og því ekki átt neitt erindi inn í hana. Þá verði jafnframt að líta til eigin sakar hins látna en það hafi verið stórfellt gáleysi af hans hálfu að fara inn í vélina án þess að láta neinn vita, auk þess sem hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna.
- 11 Ákærði Björn Herbert byggir einkum á því að hann hafi aldrei samþykkt að dómfelldi C aftengdi öryggisbúnað umræddrar vélar enda hafi hann ekki vitað um hvaða vél væri að ræða. Hans hlutverk hjá fyrirtækinu hafi verið að annast fjármál og solumál en hann hafi ekki borið ábyrgð á vélum, tækjum og öðru sem tengdist verksmiðjunni. Þau mál hefðu heyrt undir meðákærða Skúla og dómfellda C. Byggir hann á því að háttsemi hans eigi ekki undir verknaðarlýsingu 22. gr. almennra hegningarlaga.
- 12 Ákærði Skúli vísar einkum til þess að hann hafi verið í frí er slysið átti sér stað og hafi hann meðal annars af þeirri ástæðu ekki sýnt af sér neitt gáleysi. Þar sem hann hafi verið í orlofi hafi hann ekki borið lagalegar skyldur sem verkstjóri, starfsmaður, eigandi eða daglegur stjórnandi þegar slysið átti sér stað. Engin lagaheimild standi til þess að hann verði látinn bera refsíábyrgð við þessar aðstæður. Verði háttsemi hans ekki heimfærð til verknaðarlýsingar 22. gr. almennra hegningarlaga.
- 13 Við aðalmeðferð málsins voru spilaðar upptökur af skýrslum ákærðu, Björns Herberts og Skúla, í héraði, auk þess sem spiluð var upptaka af skýrslu meðákærða í héraði, C. Þá var skýrsla tekin af D.

14 Fyrir Landsrétti bar vitnið D að hann hefði verið starfsmaður [...] frá árinu 2004 en að hann hafi ekki orðið ekki vitni að slysinu. Hann hafi verið vaktstjóri á slysdegi en þá verið á kvöldvakt. Hann væri enn starfsmaður fyrirtækisins. Spurður um verklag við hreinsun frauðpressuvéla kvað hann að vélarnar hefðu fyrst verið stilltar á „semi-auto“ og hefði þá verið beðið eftir að vélin stöðvaðist. Þá væri hliðið opnað og rafmagninu slegið út en auk þess væri unnt að slökkva á „vakúmdælu“ vélarinnar sem væri oftast nær gert áður en hreinsun færi fram. Að því loknu væri farið inn í vélina og hún skafin að innan. Unnt væri að fara inn í vélarnar strax, þó að þær væru heitar, og ekki væri þörf á því að bíða eftir að þær kólnuðu. Ekki færi á milli mála ef kveikt væri á frauðpressuvél og útilokað væri að fara inn í vél sem væri í gangi. Það væri óskrifuð regla að sá starfsmaður sem væri að nota tiltekna vél hreinsaði hana sjálfur. Unnt væri að sjá á kössunum sem komu út úr vélunum hvort þörf væri á hreinsun. Það hafi gerst tvisvar til fjórum sinnum á vakt. Oftast væri einn starfsmaður með hverja vél en stundum annaðist einn starfsmaður tvær vélar í senn. Hann taldi að á hverri vél væru þrjú hlið og þrjár skynjarar. Vitnið bar um að unnt væri að slá út frauðpressuvélarnar með neyðarfofa þrátt fyrir að öryggisrofinn væri aftengdur. Honum hafi verið kunnugt um að vandræði væru með skynjara á hliðinu á frauðpressuvélinni sem slysið varð í einum eða tveimur dögum áður en slysið átti sér stað en það hafi einnig gerst áður. Dómfelldi C, aðstoðarverksmiðjustjóri, hefði látið sig vita þriðjudag eða miðvikudag fyrir slysið að hann hefði aftengt öryggisrofann á vélinni vegna þessa. Taldi vitnið að C hefði upplýst ákærða Björn Herbert um framangreint en að ákærði Skúli, verksmiðjustjóri, hefði verið í fríi á umræddum tíma. Öryggismálin í fyrirtækinu væru almennt góð. Dómfelldi C hefði leyst ákærða Skúla af í hans fjarveru. Hann taldi að starfsmannavelta í fyrirtækinu væri lítil og almennt væri ánægja hjá starfsmönnum þess. Stundum væri álag yfir sumartímann.

Niðurstaða

- 15 Við mat á því hvort ákærðu hafi sýnt af sér háttsemi sem verði heimfærð til 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, er fyrst að líta til þeirra skyldna sem á þeim hvíldu samkvæmt lögum nr. 46/1980.
- 16 Ákærði Björn Herbert var á umræddum tíma framkvæmdastjóri fyrirtækisins og einn af þremur eigendum þess. Sem framkvæmdastjóri telst hann vera atvinnurekandi fyrirtækisins, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað, þar með talið um framkvæmd vinnu samkvæmt 37. gr. laganna og í tengslum við vélar og tækjabúnað samkvæmt 46. gr. þeirra. Skal atvinnurekandi gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu sem kann að vera bundin við starf þeirra. Skal hann að auki sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að sinna störfum sínum þannig að ekki stafi hætta af, sbr. 14. gr. laga nr. 46/1980. Ber hann jafnframt ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og að gert sé áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi sem og áætlun um heilsuvernd, auk þess sem hann ber ábyrgð á að

koma á fót vinnuverndarstarfi hjá fyrirtækinu, sbr. 65. gr., 65. gr. a. og 66. gr. laga nr. 46/1980, 4. gr., 5. gr. og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 og 21. gr., 25. gr., 26. gr., 27. gr. og 28. gr. reglugerðar nr. 920/2006.

- 17 Ákærði Skúli var verksmiðjustjóri fyrirtækisins og einn eigenda þess. Var hann sem verkstjóri fulltrúi atvinnurekanda og átti að sjá um að allur búnaður í verksmiðju fyrirtækisins væri góður og að öruggt skipulag við lýði, sbr. 21. gr. laga nr. 46/1980. Yrði hann var við einhver þau atriði sem leitt gætu til hættu á slysum eða sjúkdómum, bar honum að tryggja að hættunni væri afstýrt. Væri ekki hægt að afstýra henni bar honum umsvifalaust að gera vinnuveitanda viðvart, sbr. 23. gr. laga nr. 46/1980.
- 18 Samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1980 skal haga og framkvæma vinnu þannig að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Skal fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Samskonar fyrirmæli er að finna um vélar og annan búnað sem notaður er á vinnustað, sbr. 46. gr. sömu laga. Verði starfsmaður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 920/2006 ber starfsmönnum að stuðla að því að vinnuáðstæður innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Ber þeim meðal annars, í samræmi við þá fræðslu og þjálfun sem þeir hafa fengið, að taka ekki úr sambandi, breyta eða fjarlægja að geðþótta uppsettan öryggisbúnað, svo sem við vélar og tæki, sbr. c-lið 2. mgr. 23. gr. Samkvæmt d-lið sömu málsgreinar ber starfsmanni að upplýsa atvinnurekanda og/eða fulltrúa hans, svo sem verkstjóra eða öryggisvörð, án tafar um allar aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilbrigði sé bráð hættu búin og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar starfsmönnum. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar ber starfsmanni þegar í stað að koma ábendingum þar að lútandi til atvinnurekanda eða fulltrúa hans sem skulu í sameiningu gera ráðstafanir til að bægja hættunni frá.
- 19 Dómfelldi C tilkynnti báðum ákærðu um að hann hefði aftengt öryggisbúnað vélarinnar. Með því kom hann á framfæri við þá ábendingu um aðstæður sem kynnu að setja starfsmenn fyrirtækisins í bráða hættu. Öryggisbúnaðurinn sem gerður var óvirkur hafði þann tilgang að koma í veg fyrir að maður gæti farið inn í frauðpressuvélina á meðan hún væri í gangi. Var þessum búnaði meðal annars ætlað að koma í veg fyrir slys af þeim toga sem átti sér stað 21. júlí 2017 og leiddi til dauða A.
- 20 Skyldur ákærðu samkvæmt lögum nr. 46/1980 verður að meta með tilliti til þess að verið var að aftengja öryggisbúnað sem hafði meðal annars þann tilgang að koma í veg fyrir slys af þeim toga sem átti sér stað í umrætt sinn. Ákvörðun um að aftengja öryggisbúnaðinn en halda eigi að síður áfram að nota vélina felur út af fyrir sig í sér

alvarlegt brot gegn fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980. Verður að líta svo á að báðum ákærðu hafi við þessar aðstæður borið skylda til að gefa dómfellda C fyrirmæli um að hætta notkun vélarinnar eða tengja öryggisbúnaðinn á ný. Ákvörðun um að gera hvorugt fól í sér alvarlegt brot gegn þeim skyldum sem hvíldu á þeim samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980. Með því sýndu þeir af sér stórfellt gáleysi. Hefur enga þýðingu í því sambandi þótt ákærða Birni Herberti hafi ekki verið kunnugt um hvaða vél var að ræða, eða eftir atvikum hvaða öryggisbúnað, enda bar honum við þessar aðstæður að kalla þegar eftir upplýsingum um það. Í ljósi þess hversu bráð hætta stafaði af aftengingu öryggisbúnaðarins verður að sama skapi ekki fallist á að það hafi þýðingu í þessu sambandi þótt ákærði Skúli hafi verið í orlofi á umræddum tíma. Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms að líta beri svo á að ákærðu hafi með þessu samþykkt að öryggisbúnaður vélarinnar væri aftengdur með fyrrgreindum afleiðingum. Verður litið svo á að með þessu hafi þeir með liðsinni í orði eða verki eða á annan hátt átt hlutdeild í manndrápi af gáleysi samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Ekki verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms að sýkna beri ákærða Skúla af því að hafa ekki upplýst starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaður vélarinnar hafi verið gerður óvirkur, enda verður að líta svo á að vanræksla hans á því hafi verið liður í gáleysi hans sem fellt verður undir 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Loks verður ekki fallist á að áhrif geti haft á refsíabyrgð ákærðu þótt ætla megi að athyglisgáfa hins látna og árvekni hafi verið að einhverju leyti skert vegna áhrifa fíkniefna sem mældust í blóði hans, enda verður ekki ráðið af gögnum málsins að sú neysla hafi orsakað slysið heldur fyrst og fremst aftenging öryggisbúnaðarins. Til þess er jafnframt að líta í þessu samhengi að það útilokar ekki refsíabyrgð fyrir manndráp af gáleysi, þótt sýnt sé fram á nokkra eigin sök þolanda. Með framangreindum athugasemdum en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um sakfellingu ákærðu fyrir brot gegn 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

- 21 Ákærðu voru í hinum áfrýjaða dómi sýknaðir fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglugerða nr. 367/2006 og 920/2006 á þeim grundvelli að sök samkvæmt þeim væri fyrnd. Samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980 varða brot gegn lögnum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Samkvæmt 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga skal miða fyrningarfrest brots við það ákvæði sem geymir þyngst refsímörk ef brot varðar við fleiri en eitt refsíákvæði. Brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga varðar allt að sex ára fangelsi. Eins og hér stendur á fynast brot ákærðu samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum samkvæmt þeim því á 10 árum, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga. Eru þau því ófyrnd, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 29. mars 2012 í máli nr. 540/2011 og 15. september 2016 í máli nr. 508/2015.
- 22 Samkvæmt öllu framangreindu verða ákærði Björn Herbert og Skúli sakfelldir fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi sem lýst er í ákærulið I í ákæru 22. október 2020 og fyrir brot gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með því

að hafa samþykkt að dómfelldi C gerði öryggisbúnað frauðpressuvélarinnar óvirkan, þrátt fyrir að þeir vissu að starfsmenn fyrirtækisins fóru reglulega inn í vélina til að hreinsa hana. Þá er ákærði Björn Herbert jafnframt sakfelldur fyrir að hafa látið hjá líða að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, áhættumat, áætlun um heilsuvernd og fyrir að hafa látið hjá líða að koma á fót vinnuverndarstarfi hjá fyrirtækinu. Ekki verður hins vegar fallist á að fullnægjandi sönnun liggi fyrir í málinu um að ákærði Björn Herbert hafi gefið dómfellda C fyrirmæli um að gangsetja allar vélar í vinnslusal fyrirtækisins umræddan dag og verður hann ekki sakfelldur fyrir þá háttsemi. Eru brot ákærðu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæruliðum II og III í ákæru að því frátöldu að ekki verður fallist á að 2.1. gr., 2.3. gr. og 2.8. gr. I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 nái til háttsemi ákærðu eins og henni er lýst í ákæru.

- 23 Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi að teknu tilliti til framangreinds og 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna um refsingu ákærðu og skilorðsbindingu.
- 24 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.
- 25 Ákærðu verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjanda sinna sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærðu, Björn Herbert Guðbjörnsson og Skúli Magnússon, greiði áfrýjunarkostnað málsins, sem nemur samtals 2.841.304 krónum, sem hér segir: Ákærði Björn Herbert 1.395.000 krónur, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hildar Ýrar Viðarsdóttur lögmanns, og ákærði Skúli 1.395.000 krónur, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gríms Sigurðssonar lögmanns. Annan áfrýjunarkostnað, 51.304 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 6. maí 2021

Mál þetta sem þingfest var 11. desember 2020, en dómtekið að lokinni aðalmeðferð 8. apríl 2021, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 22. október 2020 á hendur C, kt. [...], [...], [...], Birni Herberti Guðbjörnssyni, kt. [...], [...], [...], og Skúla Magnússyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir hegningarlagabrot og brot gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem hér greinir:

I.

Á hendur ákærða C, verkstjóra og starfsmanni hjá [...], fyrir manndráp af gáleysi og brot gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með því að hafa miðvikudaginn 21. júlí 2017 í vinnslusal [...], [...], [...], gert öryggisbúnað frauðpressuvélar af gerðinni Kurtz 1014 óvirkan, vitandi

vits að starfsmenn [...] fóru reglulega inn í vélina til þess að hreinsa hana, og síðan gangsett vélina sem hafði verið stöðvuð, án þess að gæta að því hvort einhver væri inni í vélinni en ákærði C hafði ekki upplýst alla starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaður vélarinnar hefði verið óvirkjaður. Við gangsetningu vélarinnar klemmdist A á milli móta vélarinnar og lést hann af áverkum þeim sem hann hlaut við það.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 37. gr. og 46. gr., sbr. 21. gr., 23. gr. og 26. gr., sbr. 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 2.1 gr., 2.3 gr. og 2.8 gr. I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, sbr. 13. gr. sömu reglugerðar og 23. gr., sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

II.

Á hendur ákærða Birni Herberti, eiganda, framkvæmdarstjóra og atvinnurekanda [...], fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi sem lýst er í ákærulið I og brot gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með því að hafa samþykkt að undirmaður hans, meðákærði C, gerði öryggisbúnað frauðpressuvélarinnar óvirkan, vitandi vits að starfsmenn [...] fóru reglulega inn í vélina til þess að hreinsa hana og fyrir að hafa miðvikudaginn 21. júlí 2017 gefið meðákærða C fyrirmæli um að gangsetja allar vélar í vinnslusal [...] en ákærði Björn Herbert hafði ekki upplýst starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaður vélarinnar hefði verið óvirkjaður. Einnig fyrir að hafa látið hjá líða að láta gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, áhættumat, áætlun um heilsuvernd og fyrir að hafa látið hjá líða að koma á fót vinnuverndarstarfi hjá [...].

Telst þetta varða við 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 37. gr., 46. gr., 65. gr., 65. gr. a. og 66. gr., sbr. 13. gr. og 14. gr., sbr. 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 4. gr., 5. gr. og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og 2.1 gr., 2.3 gr. og 2.8 gr. I. viðauka sömu reglugerðar, allt sbr. 13. gr. sömu reglugerðar og 21. gr., 25. gr., 26. gr., 27. gr. og 28. gr., sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

III.

Á hendur ákærða Skúla, verkstjóra, starfsmanni, eiganda og daglegum stjórnanda hjá [...], fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi sem lýst er í ákærulið I og brot gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með því að hafa samþykkt að undirmaður hans, meðákærði C, gerði öryggisbúnað frauðpressuvélarinnar óvirkan, vitandi vits að starfsmenn [...] fóru reglulega inn í vélina til þess að hreinsa hana en ákærði Skúli hafði ekki upplýst starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaður vélarinnar hefði verið óvirkjaður.

Telst þetta varða við 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 37. gr. og 46. gr., sbr. 21. gr., 23. gr. og 26. gr., sbr. 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 2.1 gr., 2.3 gr. og 2.8 gr. I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, sbr. 13. gr. sömu reglugerðar og 23. gr., sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu H, fd. [...], er krafist að ákærðu verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 3.071.911,- í miska – og skaðabætur ásamt vöxtum af fjárhæð kr. 3.071.911,- skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 21. júlí 2017 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að að krafa þessi er kynnt kærðu en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV. kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða lögmannskostnað kröfuhafa við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi, skv. tímaskýrslu og síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að teknu tillit til virðisaukaskatts og aksturs lögmanns.

Af hálfu E, kt. [...], er krafist að ákærðu verði dæmdir in solidum í sakamáli til að greiða honum kr. 1.500.000,- í miskabætur ásamt vöxtum af fjárhæð kr. 1.500.000,- skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 21. júlí 2017 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að að krafa þessi er kynnt kærðu en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV. kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða lögmannskostnað kröfuhafa við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi, skv. tímaskýrslu og síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að teknu tillit til virðisaukaskatts og aksturs lögmanns.“

Allir ákærðu neita sök og krefjast aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þeir hafna jafnframt bótakröfum og krefjast þess aðallega að þeim verði vísað frá dómi, en til vara að þær sæti verulegri lækkun. Loks krefjast þeir málskostnaðar úr ríkissjóði.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum barst henni tilkynning um vinnuslys í [...]að [...] í [...] miðvikudaginn 21. júlí 2017 kl. 11:48. Þegar lögreglumenn komu á vettvang voru sjúkraflutningamenn að bera slasaðan mann inn í sjúkrabíl á sjúkrabörum. Samkvæmt upplýsingum sjúkraflutningamanna hafði hinn slasaði, A, klemmst á búk í svokallaðri frauðkassasteypuvél, en slík vél er notuð til að pressa frauðefni saman í form svo úr verði frauðkassar. Á vettvangi ræddu lögreglumenn við ákærðu C og Björn Herbert, auk F, starfsmann [...]. C sagðist hafa verið að vinna við frauðkassasteypuvélinu. Hafi hann byrjað á því að hita vélinu, en snúið sér að öðrum verkefnum aftan við vélinu á meðan hún hitnaði. Stuttu síðar hafi hann aftur farið að vélinni og gangsett hana, en þá heyrnt hróp og köll í vinnufélaga sínum, A, sem hafði verið inni í pressu vélarinnar sem hann gangsetti. Kvaðst hann þá strax hafa farið að vélinni og stillt hana á handstýringu til að ýta á neyðarhnapp svo hún stöðvaðist. Að hans sögn hafði A farið inn í vélinu, án vitneskju hans, í því skyni að hreinsa form vélarinnar, en slíkt þurfi að gera þegar frauðefni festist í henni. Sagðist hann ekki hafa séð inn í vélinu þegar hann setti hana í gang og kvaðst heldur ekki hafa athugað hvort einhver væri þar inni. Sagði hann að umrædd vél væri búin öryggishliði sem þjónaði þeim tilgangi að ekki væri hægt að kveikja á henni nema hliðið væri lokað. Þar sem vélin hefði hins vegar verið frekar erfið í notkun vegna bilana hefði öryggið verið tekið af henni, sem gerði það að verkum að að hún gat farið í gang án þess að öryggishliðið væri lokað. Því væri hliðið oft opið þótt vélin væri í gangi.

Björn Herbert sagðist hafa verið staddur á skrifstofu sinni á annarri hæð hússins þegar slysið átti sér stað, og því ekki séð hvernig það atvikaðist. Starfsmaðurinn F sagðist heldur ekki hafa séð þegar slysið átti sér stað þar sem hann hafi þá verið að störfum við aðra vél í vinnslusalnum.

Tilraunir til endurlífgunar hins slasaða báru ekki árangur og var hann úrskurðaður látinn kl. 12:49 þennan sama dag.

Vinnueftirliti ríkisins var strax tilkynnt um slysið og kom starfsmaður þess samdægurs á vettvang. Í skýrslu starfsmannsins, sem dagsett er 14. mars 2018, er aðstæðum á vettvangi svo lýst: „Frauðpressuvél (vél nr. 6) er ein af sex frauðpressuvélum í vélasal [...]. Hún er ein af þremur stærri

frauðpressuvélum í vélasal af Kurtz gerð. Hún er af þeirri stærð að mögulegt er að fara inn í sjálfa frauðpressuvélina til þess að sinna viðhaldi, skipta um mót í henni eða þrifa hana. Frauðpressuvélin er með rennihurð á hliðinni sem hægt er að komast inn um. Á hurðinni eiga að vera skynjarar sem þjóna þeim tilgangi að ekki sé hægt að gangsetja frauðpressuvélina nema hurð hennar sé tryggilega lokuð. Skýrt er minnst á þetta í leiðbeiningum framleiðanda með frauðpressuvélinni til að tryggja öryggi starfsmanna við vélin. Einnig kemur fram í leiðbeiningum að allar breytingar á frauðpressuvélinni eru á ábyrgð og áhættu þess notanda sem breytir henni og öryggisþáttum hennar. Fyrir slysið var skynjara á öryggishurð frauðpressuvélar (vél nr. 6) breytt af C. [...] Skynjari á hurð var gerður óvirkur með því að losa hann öðrum megin og líma báða hluta hans saman. Eftir það las frauðpressuvélin að hurðin væri lokuð þrátt fyrir að hún væri það ekki. Frauðpressuvélin gekk því hvort sem hurðin var opin eða lokuð.“ Síðar segir: „Mikil gufa, raki og hiti var í vélasal. Skv. starfsmönnum voru oft erfðar vinnuástandur þarna þegar margar vélar voru í gangi, mikil[!] hiti, gufa og raki í lofti. Í vélasalnum voru sex frauðpressuvélar. Þrjár af nýrri gerð og þrjár eldri gerðar. Öryggi við allar sex frauðpressuvélar í vélasal var ábótavant. Hurðarskynjarar voru ekki virkir. Því var hægt að komast að frauðpressuvélum meðan þær voru í gangi. Eldri þrjár frauðpressuvélar voru sérstaklega opnar. Notkun allra frauðpressuvéla var bönnuð af hálfu Vinnueftirlitsins. Á vinnustað var ekki í gangi skipulagt vinnuverndarstarf. Hvorki hafði öryggistrúnaðarmaður starfsmanna verið kosinn eða öryggisvörður skipaður af fyrirtækinu. Ekki var virk öryggisnefnd í fyrirtækinu.“

Mat Vinnueftirlitsins er að orsakir slyssins megi rekja til eftirfarandi þátta:

1. Öryggisbúnaður frauðpressuvélar Kurtz 1014, (vélar nr. 6) var gerður óvirkur.
2. Lítil samskipti voru milli aðila við vinnu í vélasal til að tryggja öryggi.
3. Of fátt starfsfólk var í vélasal vegna fría annarra starfsmanna.

Auk ofanritaðs er það mat Vinnueftirlitsins að líta beri til eftirtalinnna atriða sem meðvirkandi þátta í slysinu:

Skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað vantaði, þ.m.t. áhættumat véla.

Vinnuverndarstarf var ekki fyrir hendi.

Stjórnendur höfðu ekki brugðist við annarlegu ástandi A vegna vímuefnaneyslu hans.

Ekkert öryggisstjórnunarkerfi var hjá fyrirtækinu til að að koma í veg fyrir ótímabæra gangsetningu á hættulegum vélum.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum fór þess á leit að réttarmeinafræðileg krufning færi fram á líki A og annaðist hana PD dr. G. Er skýrsla hans dagsett 15. september 2019 og segir þar m.a. eftirfarandi: „Samkvæmt niðurstöðum krufningar dó A, fæddur [...], vegna bráðrar röskunar á öndun vegna rofs á barka með blæðingum inn í berkjur sem afleiðing mikils þrýstingsáverka á brjóst, með óeðlilegum hætti. Á A voru merki um mikinn þrýstingsáverka á brjósti og efri hluta kviðar mörgum rifbrotum og algerri tætingu á hægri kvísl barkans sem leiddi til blæðingar í öndunarvegi sem leiddu til stíflu og stöðvun á öndun. Á miðjum brjóstakassa aftanverðum var þrýstingsskráma sem svipar líklega til vélarhlutans sem olli banvænum áverka á brjósti. Krufningin sýndi engin merki um meinafræðilegar breytingar á innri líffærum sem gætu skýrt skyndilegt meðvitundarleysi og þannig takmarkað athyglisspan hans þegar slysið varð.“

Fram kemur í skýrslunni að vegna eiturefnagreiningar hafi blóðsýni verið tekið úr hægri lærslagæð hins látna. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði mældist í blóði hans 630 ng/ml af amfetamíni, 10 ng/ml af mídazólam og 2,5 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli. Tekið er fram í matsgerðinni að tetrahýdrókannabínól í blóði bendi til neyslu kannabisefna, en styrkur mídazólams í blóði hafi verið lágur. Hins vegar hafi styrkur amfetamíns í blóði verið hár og falli innan

Þess sem lýst hafi verið hjá einstaklingum sem misnoti efnið. Í lok matsgerðarinnar segir síðan: „Niðurstöður rannsóknanna benda til þess að hinn látni hafi notað lækningalega skammta af mídazolami og notað amfetamín og kannabisefni. Telja má líklegt að maðurinn hafi verið undir örvandi áhrifum amfetamíns við andlátíð.“

Ákærðu voru yfirheyrðir af lögreglu 30. og 31. ágúst 2017, en vitnið B 24. janúar 2020.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærði C kvaðst hafa starfað í [...] í hartnær 20 ár þegar slysið varð. Starfstíll hans hafi verið aðstoðarverksmiðjustjóri og leysti hann verksmiðjustjóran af í fjarveru hans á þessum tíma. Hafi það verið hlutverk hans að halda framleiðslunni gangandi. Í vinnslusalnum um morguninn voru auk hans starfandi vaktstjórinn, B að nafni, og A, sem var almennur starfsmaður í vinnslusalnum og hafði unnið þar í um tvö ár, að hann minnti. Þennan morgun sagði ákærði að þrjár stóru vélanna í vinnslusalnum hafi verið gangsettar, þar á meðal sú vél sem hér er til umfjöllunar. Um núleytið hafi B þurft að fara til læknis og hafi hann þá stoppað þessa vél. Eftir það hafi A sinnt einum hinum tveimur vélunum til u.þ.b. kl. 11:00, en þá hafi annar starfsmaður, F að nafni, tekið við annarri vélinni af A. Sjálfur kvaðst ákærði hafa verið að störfum í svokölluðu steypurými til rúmlega ellefu, en eftir það hafi hann farið í svokallað ketilhús til þess að hvílast og matast eftir langa vinnutörn frá morgni. Þangað hafi þá Björn framkvæmdastjóri komið og sagt að hann vildi strax láta gangsetja umrædda vél á ný. Kvaðst ákærði hafa farið í vinnslusalinn og sett vélina á hitun, en við það hiti vélin sig upp með gufu og vatni í nokkurn tíma þar til hún stöðvist og kólni. Á meðan hafi hann brugðið sér frá í annað rými til að skera pappa sem undirlegg á vörur. Að því loknu hafi hann farið að stjórnborði vélarinnar og gangsett hana, en við það hafi hann heyrt ótrúleg óp innan úr vélinni. Þar sem hann var ekki farinn langt frá stjórnborðinu hafi hann náð að setja vélina strax á handstillingu og opna pressubúnað hennar. Við það hafi A fallið niður á færiband vélarinnar. Hafi honum verið mjög brugðið við þá sjón, en rífið upp hurðina og taldi að ekkert lífsmark væri með honum. Kvaðst hann hafa verið í áfalli, en stokkið upp til Björns framkvæmdastjóra og sagt honum hvað gerðist og að kalla þyrfti strax á sjúkrabíl og lögreglu. Í tilefni af svari ákærða þess efnis að hann hafi rífið upp hurðina var hann að því spurður hvort hurðin hafi þá verið lokuð, og sagðist ákærði þá ekki geta svarað því afdráttarlaust, enda hafi hann verið í slíku áfalli. Engu að síður taldi hann að hún hafi verið lokuð þegar hann gangsetti vélina upphaflega.

Ákærði viðurkenndi að hafa aftengt öryggisrofa vélarinnar, og minnti að það hafi verið um viku fyrir slysið. Rofinn hafi virkað þannig að þegar hurðin að vélinni var opnuð stöðvaðist vélin sjálfkrafa. Um nokkurt skeið hafi hurðin verið til vandræða og vildi af einhverjum ástæðum ekki haldast lokuð. Hafi hún opnast í tíma og ótíma við minnsta hristing og vélin þá stöðvast. Síðar kvaðst hann hafa heyrt að hurðin hafi verið bogin og vildi því ekki falla nægilega að öryggisnemanum. Til að koma í veg fyrir þetta hafi í fyrstu verið reynt að binda hurðina fasta, en að lokum hafi hann tekið ákvörðun um að taka öryggisrofann úr sambandi. Við það hafi vélin haldist gangandi þótt hurðin væri opin. Að því loknu kvaðst hann strax hafa tilkynnt Birni framkvæmdastjóra um þessa ákvörðun. Í fyrstu hafi Björn ekki verið sáttur við þetta, en samþykkt það síðar með því skilyrði að farið skyldi varlega í umgengni við vélina. Eftir þetta sagðist ákærði hafa upplýst starfsmenn í vinnslusalnum um þessa ráðstöfun, en viðurkenndi hins vegar að hafa ekki talað við A þar sem hann skildi ekki íslensku. Taldi hann að B myndi koma þessum upplýsingum á framfæri við hann. Um tveimur dögum síðar sagðist ákærði einnig hafa borið þessa ákvörðun undir Skúla verksmiðjustjóra. Hafi hann heldur ekki verið sáttur við þetta, en þó fallist á þessa ráðstöfun með þeim fyrirvara að farið yrði varlega. Sérstaklega aðspurður sagði ákærði að ekki hafi verið rætt um að kalla til fagmenn til að gera við búnaðinn. Þá tók hann fram að mikið hafi verið að gera í fyrirtækinu og fáir starfsmenn til að anna framleiðslunni, oft örþreyttir.

Ekki sagðist ákærði minnast þess að hann hafi kannað hvort einhver væri inni í vélinni áður en hann kveikti á henni. Hafi hann staðið í þeirri trú að hurðin væri lokuð, enda hafi vélin þá verið á hans ábyrgð í fjarveru B, og engum heimilt að skipta sér af henni án hans vitneskju og samþykkis. Spurður

um leiðbeiningar, öryggis- eða verklagsreglur við framleiðsluna og umgengni við vélarnar sagði ákærði að engar skriflegar reglur þess efnis hafi verið til í fyrirtækinu. Starfsmönnum hafi aðeins verið leiðbeint þegar þeir komu til starfa og hefð og venjur myndast um framkvæmd vinnunnar. Þá taldi hann að enginn öryggistrúnaðarmaður hafi verið í fyrirtækinu. Sérstaklega spurður um fyrirkomulag við hreinsun vélanna sagði ákærði að vaktstjóri, eða sá sem var að vinna við hverja vél, hafi tekið ákvörðun um slíkt þegar talin var þörf á því, en ekki var heimilt að fara inn í vélina án samráðs eða vitundar vaktstjóra eða þess sem bar ábyrgð á vélinni. Neitaði ákærði því alfarið að hafa gefið A fyrirmæli um að hreinsa vélina og áréttaði að hann hafi ekkert átt með það að skipta sér af vélinni þar sem ákærði bar þá sjálfur ábyrgð á henni í fjarveru B. Ákærði var einnig að því spurður hvort hann hafi greint A frá því er hann ætlaði að gangsetja vélina á ný, og kvaðst hann ekki hafa gert það.

Ákærði var enn fremur spurður um ástand A þennan morgun, og sagðist hann aðeins hafa hitt hann skamma stund, en ekki tekið eftir neinu óvenjulegu í fari hans né að hann væri í annarlegu ástandi eða undir áhrifum fíkniefna. Tók hann fram að hann hefði verið harðduglegur, snar í snúningum og ávallt reiðubúinn til að létta undir með öðrum starfsmönnum.

Ákærði Björn Herbert Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda [...], sagðist þennan morgun hafa verið að vinna á skrifstofu sinni á 2. hæð hússins þegar ákærði C kom þangað hlaupandi og sagt sér að eitthvað hræðilegt hefði gerst. Hafi hann hraðað sér niður í vélasalinn með C og séð A þar liggjandi á færibandni einnar vélarinnar og F halda í hönd hans. Hafi hann þá strax hringt í Neyðarlínuna.

Ákærði sagði að slökkt hefði verið á þessari vél þegar B þurfti að fara til læknis um morguninn, en hann hafði verið að vinna við vélina. Hafi það verið gert til þess að ekki væri of mikið álag á þeim sem eftir voru í vinnslusalnum. Þegar annar bílstjóranna, F að nafni, hafi komið í hús eftir útkeyrslu, hafi hann átt að hjálpa A í vélasalnum og því hafi hann beðið C um að gangsetja vélina á ný.

Aðspurður viðurkenndi ákærði að C hefði greint honum frá því að hafa aftengt einhvern rofa, en þó ekki fyrr en hann hafði aftengt hann. Ekki mundi hann hvenær C hafði sagt honum það, en ákærði kvaðst hvorki hafa spurt hvaða rofa um væri að ræða né hvaða afleiðingar það gæti haft, enda hafi mál sem þessi, það er bæði rekstur vélanna og öryggismál þeim tengdum, verið á verksviði Skúla verksmiðjustjóra og C aðstoðarverksmiðjustjóra og þeirra hlutverk að laga búnaðinn, annað hvort sjálfir eða fá til þess fagmenn. Hafi þeir ekki þurft að fá samþykki hans fyrir slíkri viðgerð. Fyrir vikið hafi hann ekki vitað af hverju verið væri að tilkynna honum um þetta. Hins vegar kvaðst hann hafa vitað af því að einhver rofi ætti það til að slá út og stöðva vélina, án þess að vita hvaða vél það væri. Borinn var undir ákærða framburður ákærða C þess efnis að hann hefði upplýst hann í kjölfar þess að hann aftengdi rofann á umræddri vél, og sagðist ákærði hvorki minnst þess samtals né varnaðarorða sinna.

Ákærði sagðist aðspurður hafa vitað af því að starfsmenn þyrftu að fara inn í vélarnar til að hreinsa þær. Hann vissi þó ekki hvaða reglur giltu um slíkt, en taldi að hver vaktstjóri hefði tekið um það ákvörðun þegar þörf væri á. Jafnframt sagðist hann ekki vita hvaða reglur hafi almennt gilt um umgengni við vélarnar. Ekki sagðist hann þekkja til laga um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og viðurkenndi jafnframt að hafa hvorki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum né um áhættumat eða heilsuvernd. Þá sagði hann að skipulögðu vinnuverndarstarfi hafi ekki verið komið á fót í fyrirtækinu. Ekki kvaðst hann heldur muna hver hafi verið öryggisfulltrúi eða öryggistrúnaðarmaður í fyrirtækinu, né að þeir hafi verið skipaðir. Spurður um gæðahandbók fyrirtækisins og starfslýsingar starfsmanna samkvæmt henni, sagði hann að handbókin hefði verið í vinnslu og því væru starfslýsingar þar ekki fullgerðar. Sérstaklega aðspurður kvaðst hann hafa litið á sig sem atvinnurekanda í skilningi laga.

Ákærði var loks inntur eftir því hvort hann hefði kynnt sér fyrirliggjandi umsögn Vinnueftirlits um slysið og játti hann því. Var hann þá að því spurður hvers vegna Vinnueftirlitið hefði mælt fyrir um

stöðvun allra vélanna þar til viðgerð hefði farið fram, og sagði hann að það hefði verið vegna þess að sumir rofar á pressuvélunum hefðu verið í ólagi, en neitaði því að hann hefði vitað af því áður.

Ákærði Skúli Magnússon kvaðst ekki hafa frétt af slysinu fyrr en eftir að það gerðist þar sem hann hefði verið í sumarfrí og dvalið í sumarbústað fjarri vinnustaðnum. Hafi honum verið tjáð að einn starfsmaður hefði farið inn í vél þegar verið var að hita hana upp og gera klára í vinnslu. Sagðist hann hafa verið verksmiðjustjóri er slysið varð og einn af eigendum fyrirtækisins. Aðstoðarmaður hans og næsti undirmaður hafi verið aðstoðarverksmiðjustjóri, ákærði C, en yfirmaður hans framkvæmdastjóri, ákærði Björn. Hafi starf hans falist í verkstjórn, viðhaldi véla og innkaupum á varahlutum og mannaforráðum. Sjálfur kvaðst hann hafa getið tekið ákvörðun um viðhald vélanna, en þurft að upplýsa framkvæmdastjóra ef ætlunin var að stöðva einhverja vél af þeim sökum. Kvaðst hann hafa vitað að öryggisbúnaður á umræddri vél hafi verið til vandræða þar sem hurð vélarinnar hafi viljað opnast, og hafi C hringt í hann, líklega deginum áður en slysið varð, og tjáð honum að hann hefði þess vegna aftengt öryggisbúnað vélarinnar. Þegar hann var spurður hvers vegna þetta hefði ekki áður verið lagfært gat hann ekki svarað því á annan hátt en að nóg hefði verið að gera í öðru og það hefði „bara verið látið dankast“. Hann sagðist ekki vita hvort aðrir starfsmenn hafi haft vitneskju um það að öryggisbúnaður vélarinnar væri í ólagi. Hins vegar sagðist hann hafa vitað að vélin hafi verið í notkun þrátt fyrir að öryggisbúnaðurinn hafi verið gerður óvirkur og ekki sagðist hann hafa gefið C fyrirmæli um að vélin skyldi stöðvuð þegar C upplýsti hann um að hafa aftengt öryggisbúnaðinn. Hann vissi af því að starfsmenn færu reglulega inn í vélina til þess að skafa óhreinindi af mótum og hafi vaktstjóri oftast tekið slíka ákvörðun. Þó hafi það einnig tíðkast að sá starfsmaður sem var að vinna við hverja vél hafi sjálfur ákveðið að hreinsa mótin. Vélin hafi þá verið stöðvuð og kæld niður, starfsmaðurinn farið inn í hana og skafið mótin og vélin gangsett á ný. Taldi hann mjög ólíklegt að starfsmaður hefði farið inn í vélina á meðan hún hafi verið að hita sig, enda væri hitastigið þar um 80 – 90 gráður. Spurður um þjálfun nýrra starfsmanna sagði hann að vaktstjórar hefðu annast það.

Ákærði sagðist hafa lesið umsögn Vinnueftirlitsins um slysið og sagðist ekki taka undir það álit þess að öryggisbúnaði allra vélanna hafi verið ábótavant og ástæða hafi þess vegna þótt til að banna notkun þeirra. Hann viðurkendi hins vegar að hafa átt að sjá um að öryggisbúnaður vélanna væri í lagi. Það hefði þó bara „slugsast“, en bætti því að hurðin á umræddri vél hefði oft verið bundin aftur.

Vitnið I, eftirlitsmaður hjá Vinnueftirliti ríkisins, kvaðst hafa samið þá umsögn Vinnueftirlitsins sem fylgir málinu. Sagðist hann hafa mætt á staðinn u.þ.b. einni klukkustund eftir slysið, skoðað aðstæður og rætt við starfsmenn, en þó einkum ákærða C. Hafi hann verið í miklu uppnámi, en haft á orði að mikið álag hafi verið á starfsmönnum vegna fámennis í vinnslusalnum, og sagðist vitnið sjálf hafa veitt því athygli að óvenju fámennit var á vinnustaðnum. Vitnið sagðist síðan hafa skoðað umrædda vél og aðrar vélar í vinnslusalnum, ásamt vélstjóra og véltækniþæningi frá Vinnueftirlitinu, og var það samdóma álit þeirra að öryggi flestra vélanna hafi verið ábótavant og engin þeirra í fullkomnu lagi. Bæði hafi verið átt við öryggi og skynjara í þeim flestum, en einnig hafi brunahætta stafað af þeim vegna hita sem þær gáfu frá sér. Niðurstaðan hafi verið sú að banna strax notkun vélanna þar til úr yrði bætt.

Vitnið kvaðst ítarlega hafa kynnt sér aðstæður við umrædda pressuvél og sagði það álit sitt að sá sem stóð við stjórnborð vélarinnar og ræsti hana hafi ekki með góðu móti getað séð inn í hana og gengið úr skugga um hvort einhver væri þar inni. Til þess þyrfti viðkomandi að stíga aðeins til hliðar frá stjórnborðinu í átt að hurðinni.

Vitnið B kvaðst hafa starfað í [...] í um tuttugu ár og verið vaktstjóri í vinnslusal þegar slysið varð, en tók þó fram að hann hefði verið hjá lækni á þeim tíma og því ekki verið vitni að því sem gerðist. Taldi hann sig ekki hafa verið yfirmann A, en sagðist aðeins hafa komið á framfæri við hann skilaboðum yfirmanna sinna, þeirra C, Skúla og Björns Herberts. Taldi hann víst að A hafi kunnað á vélarnar og hefði Skúli yfirleitt séð um að kenna starfsmönnum á þær, ásamt vaktstjórunum. Áður en

hann fór til læknis kvaðst vitnið hafa sagt A að slökkt yrði á tveimur vélum af þremur samkvæmt fyrirmælum Björns Herberts, og ætti því A aðeins að sinna einni vél. Hafi vitnið slökkt á vélunum tveimur, en á leiðinni út sagðist hann hafa veitt því athygli að A hafði kveikt aftur á annarri vélinni og haft á orði við vitnið að honum leiddist að sinna aðeins einni vél. Aðspurt sagðist vitnið ekki vita hvað A var að gera inni í þeirri vél sem varð honum að bana, en taldi að hann hefði verið að hreinsa mót vélarinnar. Hafi það verið gert með kíttisspaða. Taldi vitnið ekkert óeðlilegt við það að A hefði farið inn í vélina og þrifið hana. Allir starfsmenn hafi getað tekið ákvörðun um slíkt, án tillits til þess hver var að vinna við hverja vél. Vélin hafi þá verið stöðvuð og hurð hennar opnuð, en ekki væri hægt að fara inn í vélina á meðan hún væri í gangi og hurð lokuð. Í neyðartilvikum væri þó hægt að stoppa hana með því að opna hurðina og þá stoppaði hún strax. Fullyrti vitnið að engum hefði dulist að vél væri í gangi ef ætlunin væri að þrifa þá vél á sama tíma, enda hefði vélin þá bæði framkallað hávaða og það sést. Tók vitnið fram að A hafi oft verið með heyrnatól, en ekki mundi hann hvort hann hafi haft þau þá um morguninn. Þá sagði vitnið að yfirmenn fyrirtækisins hafi kennt öllum starfsmönnum á vélarnar, þar á meðal hvernig og hvenær ætti að þrifa þær.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að C hefði sagt honum að búið væri að aftengja öryggisbúnað á hurð umræddrar vélar og bætti við að hann hefði aldrei átt í neinum vandræðum með þá vél eða aðrar vélar. Undir vitnið var þá borinn framburður þess í lögregluskýrslu 24. janúar 2020, þar sem haft var eftir honum að C hefði komið til hans nokkrum dögum fyrir slysið og sagt honum að hann hefði gert eitthvað við vélina og að starfsmenn þyrftu því að ganga extra varlega um hana. Sagði vitnið að rétt væri þar haft eftir honum, en einnig það sem hann sagði hér fyrir dómnum. Vitnið var loks að því spurt hver annast hefði viðhald vélanna og sagði hann að það hefðu verið Skúli, C eða vaktstjóri. Viðhald vélanna hafi verið gott.

Einnig gáfu skýrslu fyrir dómnum lögreglumaður sá er ritað hafði frumskýrslu í málinu, G, sérfræðingur í réttarlæknisfræði, sem annaðist krufningu á líki A, og H, lyfjafræðingur, sem annaðist lyfjaleit og leit ávana- og fíkniefna í blóði hins látna. Öll staðfestu þau skýrslur sínar sem liggja frammi í málinu. G taldi að amfetamínið sem fannst í blóði hins látna hafi ekki eitt og sér skert athygligáfu hans, en ekki væri loku fyrir það skotið að lyfið sem hann tók, ásamt þeim fíkniefnum sem fundust í blóðinu, hafi haft samverkandi áhrif á athygligáfu hans og árvekni. Hins vegar tók hann fram að það hafi ekki orðið A að aldurtíla.

Niðurstaða

Dómari, ásamt sækjanda og verjendum ákærðu, skoðuðu umrædda frauðpressuvél og aðstæður við hana 24. febrúar 2021. Vélin hafði verið tekin niður úr vinnslusal [...] að [...] í [...], og sett upp í starfsstöð [...] að [...], [...], eftir samruna þess félags og [...]. Vél þessi er allstór, af gerðinni Kurtz 1014, og er hægt að fara inn í hana til þess að þrifa mót hennar, smyrja hana og sinna viðhaldi. Við skoðun var upplýst að reglulega þyrfti að skafa mótin í vélinni þar sem frauðplast vildi festast við þau og var það gert með kíttisspaða. Á hlið vélarinnar voru grindur eða rennihurðir og stjórnborð hennar. Einnig voru þar öryggisrofar sem áttu að tryggja það að vélin stöðvaðist sjálfkrafa ef rennihurðirnar voru opnaðar, en til þess að fara inn í vélina var fremri hurðinni rennt til hliðar. Frá stjórnborðinu var auðvelt að sjá hvort hurðin væri opin eða lokuð, en hins vegar sást þaðan ekki nægilega vel inn í vélina þegar þétt var staðið við stjórnborðið. Til þess þurfti aðeins að stíga til hliðar, vinstra megin frá stjórnborðinu.

Allir ákærðu neita sök. Aðallega krefjast þeir sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög framast leyfa. Þeir hafna jafnframt bótakröfum og krefjast þess aðallega að þeim verði vísað frá dómi, til vara að þeir verði sýknaðir af kröfunum, en til þrautavara að þær sæti verulegri lækkun. Loks krefjast þeir þess að allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

Kröfur ákærðu um sýknu af sakargiftum eru í aðalatriðum á því reistar að rannsókn málsins sé verulega ábótavant. Í því sambandi er einkum bent á að lögreglan hafi vanrækt að rannsaka til hlítar umrædda vél og virkni hennar, staðsetningu þess öryggisbúnaðar sem var aftengdur, sem og annars öryggisbúnaðar á vélinni, auk þess að hafa ekki gætt þess að taka skýrslu af F, sem þá var að vinna í vélasalnum og kom að A stórslösuðum. Fyrir vikið sé skýrsla Vinnueftirlitsins sama marki brennd, enda sé hún að meginstofni til byggð á rannsóknarskýrslum lögreglu. Einnig er á því byggt að A hafi brotið áralangar óskráðar verklagsreglur og venjur í umgengi við vélarnar þegar hann fór inn í vélina til þess að hreinsa hana, án þess að gera ákærða C viðvart um það áður. Með vísan til þess telja ákærðu að skriflegar verklagsreglur, leiðbeiningar eða áhættumat hafi ekki getað komið í veg fyrir slysið, enda séu engin orsakatengsl á milli þess og þess að látið hafi verið hjá líða að færa slíkar reglur í letur. Loks byggja ákærðu á því að slysið megi að nokkru eða öllu leyti rekja til óaðgæslu A sjálfs, sem var á slysdegi undir verulegum áhrifum vímuefna sem skerti bæði dómgreind hans og hæfni.

Eins og áður greinir var Vinnueftirliti ríkisins strax tilkynnt um slys þetta og kom starfsmaður þess samdægurs á vettvang og rannsakaði orsakir þess, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í skýrslu starfsmannsins, sem er meðal gagna málsins, er gerð grein fyrir aðstæðum á vettvangi, ástandsskoðun allra véla í vélasal fyrirtækisins, og sérstaklega þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á umræddri frauðpressuvél. Í lok skýrslunnar er lagt mat á orsakir slyssins og hefur verið gerð grein fyrir þeim atriðum hér að framan.

Samkvæmt ákærulið I er ákærði C sakaður um manndráp af gáleysi og brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með þeirri háttsemi sem þar er lýst og með þeim afleiðingum að A klemmdist á milli móta vélarinnar og lést af þeim áverkum sem hann hlaut við það. Í ákærulið II og III eru meðákærðu, Björn Herbert og Skúli, hins vegar ákærðir fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi samkvæmt verknáðarlýsingu I. ákæruliðar og brot gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með þeirri háttsemi sem lýst er í hvorum ákærulið.

I. ákæruliður

Ágreiningslaust er að ákærði C aftengdi öryggisrofa umræddrar vélar. Um ástæður þess sagði hann að hurð vélarinnar hefði átt það til að opnast í tíma og ótíma við minnsta hristing og slökkva á vélinni, með þeim afleiðingum að framleiðsluvörurnar skemmdust. Í fyrstu hafi verið reynt að binda hurðina fasta þannig að hún næmi við öryggisrofann, en loks hafi hann tekið ákvörðun um taka rofann úr sambandi. Við það hafi vélin haldist gangandi þótt hurðin væri opin. Minnti hann að þetta hefði verið um viku fyrir slysið og hefði hann strax að því loknu tilkynnt ákærða Birni Herberti framkvæmdastjóra um þessa ráðstöfun, en um tveimur dögum síðar einnig ákærða Skúla verksmiðjustjóra. Síðan sagðist hann hafa upplýst aðra starfsmenn í vinnslusalnum um þessa aðgerð, en viðurkenndi þó að hafa ekki talað við A, þar sem hann skildi ekki íslensku. Taldi hann víst að B vaktstjóri myndi koma þeim upplýsingum á framfæri við hann þar sem þeir gátu talað saman á [...]. Vitnið B kvaðst á hinn bóginn ekki minnst þess fyrir dómi að ákærði C hefði sagt honum að hann væri búinn að aftengja öryggisbúnað á hurð vélarinnar. Í skýrslu sinni hjá lögreglu 22. janúar 2020 sagðist vitnið ekki muna hvort C hafi sagt honum það beint, en kannski hafi hann gert það. Hann mundi þó að C hafi sagt honum, sennilega nokkrum dögum fyrir slysið, að hann hefði gert eitthvað við vélina og þyrftu starfsmenn að ganga extra varlega um hana.

Ekki liggur annað fyrir en að erindi A inn í vélina hafi verið að skafa mót hennar, enda má af ljósmynd sem tekin var á vettvangi sjá blóðugan kítisspaða á gólfi utan við vélaropið. Neitaði ákærði C því að hafa gefið honum fyrirmæli um að hreinsa vélina og bætti því við að A hefði ekkert átt með það að skipta sér af þeirri vél þar sem hann hafi þá sjálfur borið ábyrgð á henni í fjarveru B. Þar sem hann vissi ekki af A inni í vélinni kvaðst hann heldur ekki hafa varað hann við áður en hann gangsetti hana.

Fram er komið að engar skriflegar reglur voru til um hvernig háttáð skyldi hreinsun vélanna, hver hefði slíkt hlutverk, hver bæri á því ábyrgð, hve oft það skyldi gert eða hvefarr varúðar skyldi gætt við það verk. Reyndar kannaðist enginn ákærðu við að skriflegar reglur eða leiðbeiningar væru til í fyrirtækinu um umgengni við vélarnar, né öryggis- eða verklagsreglur við framleiðsluna að öðru leyti. Allir sögðust ákærðu hins vegar hafa vitað að starfsmenn þyrftu reglulega að fara inn í vélarnar til að hreinsa mót þeirra. Af framburði þeirra, sem og vitnisins B, má þó ráða að fyrirkomulag við það hafi mjög verið á reiki og ómarkvisst. Þannig sagði ákærði C að vaktstjóri, eða sá starfsmaður sem var að vinna við hverja vél hafi tekið ákvörðun um hreinsun hennar þegar þörf var talin á því, og bætti við að ekki hafi verið heimilt að fara inn í vélina án samráðs eða vitundar vaktstjóra eða þess sem ábyrgð bar á vélinni. Ákærði Skúli sagði einnig að oftast hefði vaktstjóri tekið ákvörðun um hreinsun, en þó hafi það einnig tíðkast að starfsmaður sem var að vinna við vélina hafi sjálfur tekið slíka ákvörðun. Vélina hafi þá verið stöðvuð og kæld niður, starfsmaðurinn farið inn í hana og skafið mótin og vélina gangsett á ný. Taldi hann mjög ólíklegt að starfsmaður hefði getað farið inn í vélina á meðan hún væri að hita sig, enda væri hitastigið þar á milli 80 – 90 gráður. Vaktstjórinn, vitnið B, sagði á hinn bóginn að allir starfsmenn hafi getað tekið ákvörðun um hreinsun vélanna, án tillits til þess hver væri að vinna við hverja vél. Vélina hafi þá verið stoppuð og hurð hennar opnuð, en ekki væri hægt að fara inn í vélina á meðan hún væri í gangi og hurðin lokuð. Í neyðartilvikum væri þó hægt að stoppa hana með því opna hurðina og þá stoppaði hún strax. Taldi hann því ekkert óeðlilegt við það að A hafi farið inn í vélina til að hreinsa hana. Spurðir um þjálfun starfsmanna sagði ákærði C að nýjum starfsmönnum hafi aðeins verið leiðbeint þegar þeir komu til starfa og venjur og hefð því myndast um framkvæmd vinnunnar. Ákærði Skúli sagði að vaktstjórar hefðu annast þá þjálfun, en vitnið B sagði að yfirleitt hefði ákærði Skúli séð um að kenna nýjum starfsmönnum á vélarnar, ásamt vaktstjórum.

II. ákæruliður

Eins og rakið er hér að framan kvaðst ákærði C bæði hafa tilkynnt meðákærðu Birni Herberti og Skúla um þá ákvörðun sína að aftengja öryggisrofa umræddrar vélar, ákærða Birni Herberti strax eftir að hann hafði aftengt rofann, um viku fyrir slysið að því er hann minnti, en ákærða Skúla um tveimur dögum síðar. Hafi hvorugur þeirra verið sáttur við þá aðgerð, en samþykkt það síðar með því skilyrði að farið skyldi varlega í umgengni við vélina. Ákærði Björn Herbert sagðist hins vegar ekki minnst þessa samtals við ákærða C, né þeirra varnaðarorða sem hann er sagður hafa viðhaft við það tækifæri. Hins vegar viðurkenndi hann að ákærði C hefði greint sér óformlega frá því að hann hefði aftengt einhvern rofa, án þess að hann myndi hvenær, en fullyrti að það hefði verið eftir að rofinn hafði verið aftengdur. Hann kvaðst hins vegar ekkert hafa spurt hvaða rofa um væri að ræða eða hvaða afleiðingar það kynni að hafa. Hafi hann þó vitað af því að einhver rofi ætti það til að slá út og stöðva vélina, án þess að vita hvaða vél það væri, og bætti því við að rekstur vélanna, öryggisbúnaður þeirra og viðhald væri á ábyrgð ákærðu C og Skúla. Fyrir vikið hafi hann ekki vitað af hverju ákærði C væri að upplýsa hann um þetta. Samkvæmt þessu verður ekki annað ályktað en að ákærði Björn Herbert hafi fyrir slysið vitað af því að ákærði C hefði aftengt einhvern rofa á vél sem ætti það til að slá út og stöðva framleiðslu þeirrar vélar. Með því að aðhafast ekkert í kjölfar þeirra upplýsinga og halda framleiðslunni þvert á móti áfram óbreyttri telur dómurinn að ákærði Björn Herbert, sem var framkvæmdastjóri og einn eigenda fyrirtækisins, hafi í raun samþykkt þá ráðstöfun. Stóðar það hann ekki að benda á að ákærðu C og Skúli hafi borið ábyrgð á rekstri vélanna, öryggisbúnaði þeirra og viðhaldi, enda eru ríkar skyldur lagðar á framkvæmastjóra um að tryggja öryggi starfsmanna, notkun tækja og óvenjulegar og fyrirsjáanlegar aðstæður þeim tengdum, sem og að upplýsa starfsmenn um hættur starfsins. Vísast í þessu efni til viðeigandi ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða nr. 367/2006 og 920/2006, sem tilgreind eru í ákæru.

Ágreiningslaust er að engar skriflegar reglur eða leiðbeiningar voru til í fyrirtækinu, hvorki um umgengni við þær vélar sem þar voru, né öryggis- eða verklagsreglur við framleiðsluna að öðru leyti. Ákærðu C og Skúli sögðu að þess í stað hefðu myndast óskráðar verklagsreglur og venjur um umgengni

við vélarnar og framkvæmd vinnunnar, en ákærði Björn Herbert kvaðst ekki hafa þekkt þær reglur, þótt hann hafi vitað að starfsmenn þyrftu reglulega að fara inn í vélarnar til þess að hreinsa þær. Taldi hann að hver vaktstjóri hefði ákveðið það þegar þörf væri á. Jafnframt sagðist hann ekki vita hvaða reglur hefðu almennt gilt um umgengni við vélarnar. Hann kvaðst heldur ekki þekkja til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðum og viðurkenndi að hafa hvorki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum eða um áhættumat og heilsuvernd. Þá sagði hann að skipulögðu vinnuverndarstarfi hefði ekki verið komið á fót og mundi ekki hvort öryggisfulltrúi eða öryggistrúnaðarmaður hefði verið skipaður. Byggist sýknukrafa hans meðal annars á því að vanræksla hans að þessu leyti hefði engu breytt þar sem meginorsök slyssins hafi verið ástand A sjálfs og brot hans á óskráðum verklagsreglum og venjum.

Á slysdagi hafði A starfað í [...] um tveggja ára skeið og vitna gögn málsins um að hann hafi lítt skilið eða talað íslensku eða ensku. Hér að framan er frá því greint hvernig nýjum starfsmönnum var leiðbeint og þeir þjálfaðir við störf. Af því sem þar kemur fram er augljóst að skipulag þjálfunar og miðlun upplýsinga um hlutverk starfsmanna og ábyrgð þeirra var mjög ómarkvisst og ábótavant í ýmsu. Nægir hér að nefna misvísandi svör ákærðu C og Skúla annars vegar, og vaktstjórans B hins vegar, um hvernig háttað var hreinsun vélanna og hver tók ákvörðun um slíkt. Ber þetta ekki vott um skýrleika þeirra óskráðu verklagsreglna sem haldið er fram að gilt hafi í umgengni við vélarnar og þær hættur sem af þeim gætu stafað. Fyrir vikið er ekki unnt að slá því föstu að A hafi þekkt þær reglur sem ákærðu halda fram að hann hafi brotið þegar hann fór inn í vélina til að hreinsa mót hennar. Ljóst er hins vegar að á ákærða Birni Herberti hvíldi sú skylda sem atvinnurekanda og framkvæmdastjóra að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum, áhættumat og áætlun um heilsuvernd, svo og að koma á fót vinnuverndarstarfi, sbr. viðeigandi ákvæði laga nr. 46/1980 og þeirra reglugerða sem vísað er til í ákæru. Þá stoðar ákærða ekki að vísa til gæðahandbókar [...] um ábyrgð og verksvið sitt og annarra starfsmanna, enda kom fram í máli hans að handbókin hafi verið í vinnslu og starfslýsingar því ekki fullgerðar.

III. ákæruliður

Fyrir dómi sagðist ákærði Skúli hafa vitað af því að öryggisbúnaður umræddrar vélar hafi verið til vandræða, þar sem hurð vélarinnar vildi opnast og stöðva vélina. Hann mundi einnig eftir því að ákærði C hefði hringt í hann, líklega degi fyrir slysið, og tjáð honum að hann hefði aftengt öryggisbúnaðinn til að koma í veg fyrir að vélin stöðvaðist í tíma og ótíma. Engu að síður sagðist hann ekki hafa gefið ákærða C fyrirmæli um að stöðva vélina eftir samtal þeirra, og vissi því að vélin var í notkun þrátt fyrir að öryggisbúnaður hennar hefði verið gerður óvirkur. Verður aðgerðarleysi hans að þessu leyti ekki túlkað á annan hátt en þann að með því hafi hann bæði samþykkt aðgerð ákærða C um að aftengja öryggisbúnaðinn og að halda áfram notkun vélarinnar þrátt fyrir það. Þá vissi hann einnig af því að starfsmenn færu reglulega inn í vélina til að hreinsa mót vélarinnar, en vissi þó ekki hvort aðrir starfsmenn hefðu verið upplýstir um að öryggisbúnaður vélarinnar væri í ólagi. Þar sem það var á verksviði hans að sinna viðhaldi vélanna er óhjákvæmilegt að álykta að hann hafi ásamt meðákærðu borið ábyrgð á því að umrædd vél var í notkun, þrátt fyrir að öryggisbúnaður hennar hafi verið aftengdur.

Málsvörn ákærðu, þess efnis að rannsókn málsins hafi verið ábótavant hefur hér ekki þýðingu, enda um flest órökstudd og byggð á síðbúnum getgátum sem engu breyta í ljósi afdráttarlausrar viðurkenningar ákærða C á hverri þeirri háttsemi sem hann er sakaður um í I. ákærulið. Finnur dómurinn ekkert að þeirri rannsókn sem hönd er á festandi, né rannsókn Vinnueftirlitsins. Þá er minnt á að F, sem var að vinna í vélasalnum þegar slysið varð, kvaðst ekki hafa séð þegar slysið átti sér stað og gat því ekki borið um málsatvik. Skýrir það ástæður þess að hann var hvorki kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu né fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 54. gr. og 1. mgr. 116. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þýðingarlaust er einnig að benda á að A hafi brotið áralangar óskráðar verklagsreglur og venjur í umgengni við vélarnar þegar hann fór inn í umrædda vél til að hreinsa hana, án þess að gera

ákærða C viðvart um það áður. Er þá minnt á að ákærði C viðurkenndi að hafa ekki upplýst A um að hann hefði aftengt öryggisbúnaðinn, en treysti þess í stað á að B vaktstjóri myndi gera það. Af vætti B fyrir dómi telur dómurinn þó alls óvíst að hann hafi upplýst A um þetta. Reyndar var framburður hans með þeim hætti að ekki er unnt að slá því föstu að ákærði C hefði yfirhöfuð upplýst það vitni um aðgerð sína. Þess utan telur dómurinn verulegan vafa leika á því að A hafi þekkt þær óskráðu verklagsreglur sem ákærðu halda fram að hann hafi brotið, sbr. umfjöllun hér að framan. Loks leysir það ákærðu ekki undan refsíabýrgð þótt A hafi verið undir áhrifum fíkniefna á þeim tíma sem hann fór inn í vélina, þótt unnt sé að virða það ákærðu til refsímildunar þar sem enginn þeirra vissi af fíkniefnaneyslu hans.

Samkvæmt öllu framansögðu og gögnum málsins að öðru leyti er það niðurstaða dómsins að fyrir liggi lögfull sönnun þess að ákærðu hafi allir, hver á sinn hátt sem að framan er lýst, sýnt af sér refsivert gáleysi með óaðgæslu, aðgerðarleysi og vanrækslu, sem var þess valdandi að A klemmdist á milli móta í umræddri frauðpressuvél og lést af þeim áverkum sem hann hlaut við það. Er háttsemi hvers þeirra rétt lýst í ákæru, að því þó frátöldu að ákærði Skúli verður sýknaður af þeirri háttsemi að hafa ekki upplýst starfsmenn fyrirtækisins um að öryggisbúnaður vélarinnar hefði verið óvirkjaður, enda liggur fyrir að hann var í sumarfrí og fjarri vinnustaðnum þegar ákærði C upplýsti hann um að hann hefði aftengt búnaðinn. Hafa ákærðu unnið sér til refsingar, ákærði C fyrir manndráp af gáleysi, sbr. 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en meðákærðu fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi, sbr. 215. gr., sbr. 22. gr., sömu laga.

Í ákæru eru ákærðu einnig sakaðir um brot á þar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, auk reglugerða nr. 367/2006 og 920/2006. Samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980 varða brot gegn þeim lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Þar sem brot ákærðu á þeim ákvæðum voru framin í júlí 2017 eru sakir vegna þeirra fyrndar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður ákærðu því ekki einnig gerð refsing vegna þeirra brota.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hefur enginn þeirra áður sætt refsingum. Við ákvörðun refsingar þeirra verður höfð hliðsjón af því. Þá ber að taka tillit til þess að við krufningu á líki A mældist hár styrkur amfetamíns í blóði hans, auk kannabisefna og lyfsins mízazolam, en samkvæmt vætti G, sérfræðings í réttarlæknisfræði, taldi hann ekki loku fyrir það skotið að lyfið, ásamt fíkniefnunum, hefði haft samverkandi áhrif á athyglisgáfu hans og árvekni. Í því ljósi þykir ekki óvarlegt að ætla að A hafi sjálfur átt nokkra sök á slysinu. Á hinn bóginn ber einnig að líta til alvarleika brots ákærðu, en dómurinn hefur þegar slegið því föstu að hver þeirra beri á sinn hátt ábyrgð á því að mannsbani hlaust af gáleysi þeirra, svo sem rakið er hér að framan. Að því virtu ákveðst hæfileg refsing ákærða C fangelsi í 60 daga, en refsing meðákærðu, Björns Herberts og Skúla, fangelsi í 30 daga. Í samræmi við dómvenju í sambærilegum málum, svo og að því gættu að rannsókn málsins og útgáfa ákæru dróst úr hófi, án þess að ákærðu verði um kennt, þykir rétt að skilorðbinda refsinguna svo sem nánar greinir í dómsorði.

Í málinu liggja fyrir tvær einkaréttarkröfur. Fyrri krafan er sett fram af hálfu móður A, H, og krefst hún miska- og skaðabóta að fjárhæð 3.071.911 króna, auk vaxta og lögmannspóknunar, en síðari krafan er miskabótakrafa frá bróður A, E, að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk vaxta og lögmannspóknunar. Til stuðnings miskabótakröfunum er vísað til 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en til stuðnings skaðabótakröfunni er vísað til 12. gr. sömu laga.

Í fyrstu fylgdu engin gögn kröfum þessum, en undir rekstri málsins lagði lögmaður H fram afrit af reikningi vegna útfarar A í [...] og læknisvottorð H. Bæði skjölin höfðu verið þýdd á íslensku úr [...]. Einnig lagði lögmaðurinn fram tvær tjónskvittanir vegna uppgjors tryggingafélagsins Varðar til H, annars vegar vegna greiðslu miskabóta, ásamt vöxtum og lögmannskostnaði, alls að fjárhæð 2.130.977 krónur, en hins vegar vegna greiðslu útfararkostnaðar, auk lögmannspóknunar, alls að fjárhæð 778.007 krónur. Sjá má af gögnum málsins að greiðslurnar voru inntar af hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu [...].

Meðal málsskjala er bréf frá tryggingafélaginu Verði til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, dagsett 24. október 2018, þar sem tryggingafélagið óskar eftir öllum gögnum málsins „til að geta tekið afstöðu til þess hvort að váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á dauða tjónþola þannig að bótaskylda úr tryggingunni stofnist; þá enn fremur til að geta metið hvort dauða hans hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.“ Í áðurnefndri tjónskvittun tryggingafélagsins vegna greiðslu miskabótanna segir hins vegar eftirfarandi: „Samkomulagsbætur greiddar til móður hins látna á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.“ Með vísan til þessa orðalags byggir lögmaður bótakrefjenda á því að þær samkomulagsbætur sem þar voru greiddar eigi ekki að koma til frádráttar misbótakröfu H, móður A, í máli þessu, enda styðjist sú krafa við 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Dómurinn getur ekki fallist á þessi rök lögmannsins, enda ótvírætt af orðalagi 1. mgr. 26. gr. að miskabætur sem heimilt er að greiða samkvæmt því ákvæði greiðast aðeins til þess sem misgert var við, og hefur bótakrefjandi ekki gefið neinar haldbærar skýringar á því hvað staðið hafi að baki greiðslu tryggingafélagsins samkvæmt tilvitnuðu ákvæði. Á hinn bóginn heimilar 2. mgr. 26. gr. að gera þeim sem valdur er að dauða annars manns af ásetningi eða stórfelldu gáleysi að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur. Þótt nærtækast sé að álykta að tilvísun tryggingafélagsins til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga í áðurnefndri tjónskvittun hafi misritast og átt að vera 2. mgr. 26. gr., þykir dómnum í ljósi ofanritaðs slíkur vafi leika á um fjárhæð og forsendur fyrir kröfunni að ekki sé annað fært en að vísa henni frá dómi vegna vanreifunar. Hinu sama gegnir um miskabótakröfu bróður A, E, enda fær dómurinn ekki séð að 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga geri ráð fyrir aðild systkina hins látna að slíkum kröfum.

Í samræmi við úrslit málsins og með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærðu gert að greiða sameiginlega 852.335 krónur í sakarkostnað við lögreglurannsókn málsins. Þá greiði ákærði C málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Alberts Kristbjörnssonar lögmanns, 1.645.480 krónur, ákærði Björn Herbert málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hildar Ýrar Viðarsdóttur lögmanns, 1.531.400 krónur, og ákærði Skúli málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, 1.531.400 krónur, auk ferðakostnaðar lögmannsins, 59.280 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði C sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Björn Herbert Guðbjörnsson sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Skúli Magnússon sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkröfum bótakrefjenda er vísað frá dómi.

Ákærði C greiði 1.645.480 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Alberts Kristbjörnssonar lögmanns.

Ákærði Björn Herbert greiði 1.531.400 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hildar Ýrar Viðarsdóttur lögmanns.

Ákærði Skúli greiði 1.531.400 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, og 59.280 krónur í ferðarkostnað lögmannsins.

Ákærðu greiði sameiginlega 852.335 krónur í sakarkostnað lögreglu.